

Umsögn Samtaka hernaðarandstæðinga um þingsályktunartöllu til fjármálaáætlunar 2018-2022, 402, mál.

Reykjavík, 26. apríl 2017

Samtökum hernaðarandstæðinga hefur borist ósk um að veita umsögn um tillögu til fjármálaáætlunar 2018-2022. Mun umsögn þessi alfarið snúa að þeim þáttum í tillögunni sem snúa að meginviðfangsefni samtakanna, friðar- og afvopnunarmálum. Á þeim sviðum veldur fjármálaáætlunin verulegum vonbrigðum, þar sem hún er í senn íhaldssöm og metnaðarlaus.

Samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir nema óverulegri aukningu í framlögum til þróunarsamvinnu á tímabilinu og mikið skortir upp á að alþjóðlegum skuldbindingum og samþykktum markmiðum Íslendinga á því sviði sé náð. Þetta er til marks um mikla skammsýni í veröld þar sem vaxandi misskipting auðsins og gjáin milli ríkra þjóða og snauðra er ein helsta uppspretta átaka. Ábyrgð ríkra samfélaga á Vesturlöndum er mikil og ef þau ætla að hlaupast undan henni, er viðbúið að afleiðingin verði einungis áframhaldandi spenna, tortryggni og stigmögnun ofbeldis.

Í stað þess að ráðast að rótum vandans, sem er misskipting og arðrán, hafa ríku samfélögin brugðist við með sívaxandi vígvæðingu og gegndarlausri sóun í hergögn og til reksturs herja og hernaðarbandalaga. Sá kafla fjármálastefnunnar sem snýr að varnar- og öryggismálum einkennist af blindri fylgispekt við þá misheppnuðu stefnu.

Áframhaldandi og aukin þátttaka í hernaðarbandalaginu Nató er grunnstefið í þessum kafla fjármálastefnunnar. Nató er í grunninn hagsmunagæslubandalag nokkurra vestrænna stórvelda, einkum Bandaríkjanna og hefur á liðnum árum haft það meginhlutverk að standa í stríðsrekstri í fjarlægum löndum og að krefja aðildarríki sín um stórfrahlög til hermála, sem einkum gagnast vopnaframleiðendum. Markmið fjármálaáætlunarinnar um aukin Nató-umsvif á Íslandi eru því siðlaus, skammsýn og grafa undan öryggi landsmanna.

Hlálægasti hluti fjármálaáætlunarinnar er þó vafalítið áherslan á herflugsæfingar þær sem ganga undir nafninu loftrýmisgæsla. Flugæfingar þessar eru afleiðing af lokun herstöðvarinnar á Miðnesheiði árið 2006, sem gamlir fylgismenn hersettunnar áttu bágð með að sætta sig við. Í því skyni var gripið til þess sérkennilega ráðs að niðurgreiða æfingarflug orrustuvéla Nató-landa og raunar fleiri ríkja. Þessi beini og óbeini stuðningur við flugheri erlendra ríkisstjórna hefur engu jákvæðu hlutverki að gegna, er mengandi, truflandi og til ama fyrir dýr og menn.

Samtök hernaðarandstæðinga leggja því til að við lokaafgreiðslu fjármálaáætlunar verði bæði gert ráð fyrir úrsögn Íslands úr Nató á tímabilinu og að látið verði af hvers kyns heræfingum hér á landi, ríkissjóði til stórfelldra hagsbóta og heiminum öllum til bóta.